

Dýtt úr ensku:

Upplýsingabréf til viðskiptavina

Síða 1 af 2

Kolbeinn Árnason

Frá: Peter.Goerss@bmf.bund.de
Sent: 22. maí, 2008, 11:53
Til: Guðni Aðalsteinsson; Kolbeinn Árnason
Efni: Endurgreiðsluferli

Kæri Guðni, kæri Kolbeinn

Svo virðist sem enginn þýskur viðskiptavinur hafi enn fengið bréf frá Kaupþingi. Þrýstingur fer vaxandi á okkur eftir ýmsar birtingar efnis á vefsíðu ykkar.

Lögmaður ykkar, hr. Peach, var svo vinsamlegur að tjá mér að ástæðan fyrir töfinni séu nýsett lög um meðferð forgangskrafna sem gætu hindrað endurgreiðsluferlið. Mánuðum saman höfum við unnið að þessari lausn og fengið skuldbindingar frá öllum ábyrgum íslenskum stofnunum og stjórnmalalegan stuðning frá viðskiptaráðherra og utanríkisráðherra Íslands og þetta kemur mjög á óvart. Þó vona ég að þessi hindrun verði mjög fljótlega yfirstigin.

Það myndi valda gífurlegum stjórnmalalegum skaða fyrir orðstír Íslands sem ábyrgur og trúverðugur samstarfsaðili ef þetta bærst út, ekki bara í ljósi yfirstandandi endurskoðunar IMF. Við viljum ekki að svo fari, en við þurfum trausta skuldbindingu frá félögum okkar á Íslandi. Ég skil líka mætavel að þetta er ekki í ykkar höndum en þarf að leysa af hálfu löggjafarvaldsins. Þó ráðlegg ég ykkur að stöðva ekki endurgreiðsluferlið sem slíkt þar sem svo virðist sem finna verði stjórnmalalega lausn.

Vinsamlegast upplýsið mig um alla framvindu í málinu

Bestu kveðjur

Peter Görß

Frá: Görß, Peter
Sent: Miðvikudaginn 20. maí, 2009, 11:25
Til: Kolbeinn Árnason; Dostal Dr., Caroline
Samrit:Sævar Bjarnason; Eva Sóley Guðjónsdóttir; Davíð Stefánsson
Efni: AW: Upplýsingabréf til viðskiptavina

Kæri Kolbeinn, kærur öll

til þessa höfum við enn ekki fengið lýsinguna á endurgreiðsluferlinu. Vinsamlegast athugið. Hafa bréfin verið send út? Viðskiptavinir hringja, stjórnmalamenn spyrja. Ég hvet ykkur að halda áfram samþykktu ferli.

Bestu kveðjur

Peter

Frá: Kolbeinn Árnason [mailto: kolbeinn.arnason@kaupthing.com](mailto:kolbeinn.arnason@kaupthing.com)
Sent: Föstudagur, 15. maí, 2009, 11:31
Til: Dostal Dr., Caroline
Samrit: Görþ, Peter; Sævar Bjarnason; Eva Sóley Guðjónsdóttir; Davíð Stefánsson
Efni: RE: Upplýsingabréf til viðskiptavina

Kæru Caroline og Peter

Eins og rætt var í gær munum við útbúa stutta lýsingu á ferlinu í dag og senda til ykkar. Í því verða drög að tímalínu. Við munum síðan upplýsa ykkur um mikilvæga áfanga um leið og þeir eiga sér stað, svo sem að senda út greiðslubréf í Bundesbank reikninginn, beiðni um afléttingu á greiðslustöðvun, fyrstu greiðslu, o.sv.frv.

Ég sendi samrit til félaga minna sem eru yfir þessu ferli, Sævar Bjarnason er verkefnisstjóri hérna megin.

Bestu kveðjur

Kolbeinn

Kolbeinn Arnason
framkvæmdastjóri, lögmaður Beinn sími: +354 444 6182
lagaráðgjöf Farsími: +354 856 6182
Kaupþing banki hf Sími: +354 444 7000
kolbeinn.arnason@kaupthing.com. Símbref: +354 444 6189
www.kaupthing.com

Kaupthing Bank hf, Borgartún 19, Reykjavík, Iceland
E-mail disclaimer

Frá: Caroline.Dostal@bmf.bund.de mailto:Caroline.Dostal@bmf.bund.de
Sent: 15. maí, 2009, 09:06
Til: Kolbeinn Árnason
Samrit: Peter.Goerss@bmf.bund.de
Efni: Upplýsingabréf til viðskiptavina

Kæri Kolbeinn

vísa til samtals okkar í síma í gær:

Gætirðu vinsamlegast upplýst hr. Görþ hvenær fyrstu bréfin hafa verið send til viðskiptavinanna. Þá getum við veitt ákveðnar, staðfestar upplýsingar um ferlið. Við væntum þess að viðskiptavinir og stjórnámálamenn hringi, ef bréfin berast ekki í tæka tíð.

Þakka þér fyrir það

Bestu kveðjur

Caroline

Dr. Caroline Dostal

Referat: VII B 1 Grundsetzfragn Finanzstandort Deutschland, Europäische Finanzmarktintegration Bundesministerium der Finanzen
Wilhelmstrasse 97
10117 Berlin
Sími: +49 (30) 2242-1445
Símbref: +49(30) 2242 883184

Netfang: Caroline.Dostal@bmf.bund.de

